

44. fundur

Fræðslunefnd hélt fund miðvikudaginn 15. janúar 2003 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn, skólastjórar og fulltrúar foreldra og starfsfólks.

Formaður setti fundinn og óskaði nefndarmönnum gleðilegs árs. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.

- a) Sigrún sagði starfsfólk koma vel undan jólum. Sagði frá að starfsfólk væri duglegt við að taka myndir á starfræna myndavél “skólans” og þær myndir mætti sjá á heimasíðu Stykkishólmsbæjar. Einhverjar mannabreytingar eru á döfnni, starfsmenn koma úr og fara í fæðingarorlof. Breytingar hafa verið á vistunartíma barna, einhver órói virðist vera í foreldrum á nýju ári. Sigrún ræddi um stöðu leikskólafulltrúa og dreifði kynningarblaði til nefndarmanna um starfssvið og meginverkefni hans. Leikskólafulltrúi er starfsmaður sveitarfélaga og er leikskólastjórum og starfsmönnum leikskóla til ráðgjafar um fagleg og rekstrarleg málefni o.fl. Einn leikskólafulltrúi hefur yfirleitt nokkra leikskóla á bak við sig og er því um að ræða að e.t.v. myndu fleiri leikskólar sameinast um einn leikskólafulltrúa.
- b) Gunnar sagði frá hvernig jólafríð hófst, með bekkjarjólum o.s.frv. Ræddi því næst um þá vankosti sem fylgja því hve dreifð starfsemi skólans er þ.e. í mörgum byggingum. Eitt er m.a. erfitt og það er samskipti starfsfólks en það skiptir höfuðmáli að góður mórall sé milli starfsfólks því það smitar að sjálfsögðu út til barnanna. Það sem gert var til að létta andann meðal starfsfólks var vinaleikur og Hörkutólafélagið, en þeir gáfu m.a. út geisladisk f. jólin og gáfu sínum konum. Gunnar ræddi því næst um helstu atriði sem á döfnni eru í starfi GSS. M.a. breytingar á prófafyrirkomulagi, skíðaferð til Akureyrar, árshátíð, fundir með foreldrum um framhaldsnám næsta vetur o.fl. Gunnar og Sigrún hittust á fundi og ræddu um væntanlega 1. bekkjar nemendur næsta haust. Lýsti ánægju sinni með vinnu að fjárhagsáætlun. Einn nemandi kom nýr inn í framhaldsdeild og einn nemandi í 9. bekk. Sagði frá úttekt sem gerð er á grunnskólum landsins og GSS lenti í úrtaki þess efnis að meta starfsemi skólanna og sjálfsmatsaðferðir skólanna. Úttektaraðili í GSS mun verða Rannsóknarstofnun KHÍ. Þetta mál verður rætt frekar og kynnt á næsta fundi.

2. Önnur mál.

- a) Formaður ræddi um viðmót gagnvart hvort öðru og samskiptareglur sem fyrirtæku eru í auknum mæli farin að taka upp. Fleiri lögðu sitthvað til málanna um þetta og önnur skyld mál.
- b) Ásta Valdís kom með fyrirspurn til Gunnars varðandi hvernig ætti að nota samræmd próf 4. og 7. bekkjar til að meta stöðu hvers nemanda fyrir sig, þ.e.a.s. hvernig og hvort þetta sé á dagskránni. Gunnar kvað svo vera, að í framtíðinni ættu þessi próf að nýtast betur í þetta mat.
- c) Gunnar ræddi um starfsemi framhaldsdeildar FVA í Stykkishólmi í ljósi hugsanlegrar uppbyggingar á Framhaldsskóla á Snæfellsnesi.
- d) Ásta Valdís minntist á að umræða um sumarlokun leikskóla yrði að fara fyrir af stað en í fyrra ef til breytinga ætti að koma.
- e) Rætt um vímuefnavarnir út frá fræðslu sem haldin var þess efnis í GSS fyrir jól.

Fleira ekki rætt.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:20.

Næsti fundur ákveðinn 1. miðvikudag febrúar.

Hildigunnur Jóhannesdóttir (sign.),
Margrét Thorlacius (sign.),
Gunnar Svanlaugsson (sign.),
Egill V. Benediktsson (sign.),
Björn Sverrisson (sign.),
Sigrún Þórsteinsdóttir (sign.),
Ásta Valdís Guðmundsdóttir (sign.),
Sigurborg Sturludóttir (sign.),
Anna Sigríður Guðmundsdóttir (sign.),
Linda S. Sigurðardóttir (sign.),
Katrín Pálsdóttir (sign.).

Íhs.